

L Ö G

116

28. des.

um breyting á lögum nr. 66/1944, um breyting á og viðauka við lög nr. 36/1909, um laun háskólakennara, og um breyting á lögum nr. 21/1936, um Háskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.
2. málsgr. 3. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört i Reykjavík, 28. desember 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

117

28. des.

um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 4., 5., 6. og 7. málsgr. 6. gr. laganna komi ein málsgr., svo hljóðandi:

Frá 1. febrúar 1951 skulu laun ekki taka breytingum samkvæmt ákvæðum þessara laga. Greiða skal verðlagsuppbót á laun opinberra starfsmanna árið 1951 miðað við kaupgjaldsvísitölu 123.

2. gr.

1., 2. og 3. málsgr. 11. gr. laganna falli niður.

Áfallin framleiðslu- og útflutningsgjöld samkvæmt þessum málsgreinum skulu ekki innheimt. Enn fremur skal endurgreiða þau framleiðslu- og útflutningsgjöld, sem þegar hafa verið greidd rikissjóði samkvæmt þessum málsgreinum.

4. málsgr. sömu lagagreinar orðist svo:

Framleiðslugjald skal lagt á allar sildarafurðir, aðrar en þær, sem fluttar eru út fullverkaðar í smápökkum til manneðis, og skal nema 8% af útflutningsverðmæti þeirra. Ef sumarafli er minni en 6000 mál að meðaltali á skip, skal gjaldið allt endurgoldið útgerðarmönnum og sjómönnum um leið og lokið er veiðitíma. Ef sumarafli er meiri en 6000 mál að meðaltali á skip, skal gjaldið innheimt og renna allt til sildardeildar hlutatryggingarsjóðs bátaútvegsins.